

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Bláskógabyggð.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 hefur sveitarstjórn Bláskógabyggðar samþykkt eftirfarandi deiliskipulagsáætlun:

Deiliskipulagsbreyting, Torfastaðaheiði, landnr. 167176, 1. og 2. áfangi.

Breytingin tekur til 1. og 2. áfanga gildandi deiliskipulags frístundabyggðar í landi Torfastaða, merkt sem (F63) í gildandi aðalskipulagi Bláskógabyggðar 2015-2027.

Gerð er breyting á skilmálum deiliskipulags, þar sem heimilað verður að leigja út frístundahús á svæðinu í atvinnuskyni, þ.e. rekstrarleyfi í flokki II.

Fjöldi gesta á hverri lóð getur verið allt að 10 manns.

Samþykkt í sveitarstjórn 20. júní 2019.

Ofangreind deiliskipulagsáætlun hefur hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

Laugarvatni, 16. júlí 2019.

Skipulags- og byggingarfulltrúi uppsveita bs.,

Rúnar Guðmundsson.